



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfirði, 19. maí 2020

2005169 Fyrirspurnir

Svör við fyrirspurnum varðandi HS Veitur

Meðfylgjandi eru svör við fyrirspurn sem Adda María Jóhannsdóttir fulltrúi Samfylkingar lagði fram á fundi bæjarráðs 7. maí 2020:

HS Veitur - Fyrirspurnir

Í ljósi þess að fulltrúar Framsóknar og Sjálfstæðisflokks samþykktu nýverið að hafinn verði undirbúningur að sölu hlutabréfa sveitarfélagsins í HS Veitum leggur fulltrúi Samfylkingarinnar fram eftirfarandi fyrirspurnir:

1. Hver var hagnaður HS Veitna eftir skatta árið 2019?

Hagnaður HS Veitna eftir skatta var 1.592 m.kr. árið 2019. Að frátalinni sérstakri niðurfellingu lífeyrisskuldbindingar í kjölfar Hæstaréttardóms var hagnaður af reglulegri starfsemi eftir skatta 903 m.kr.

2. Hver var EBITDA HS Veitna á síðasta ári og hver hefur hún verið að meðaltali á ári frá árinu 2010, reiknað á verðlagi hvers árs?

Hagnaður fyrir fjármagsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) var 2.701 m.kr. á árinu 2019. Á verðlagi hvers árs hefur EBITDA verið að meðaltali 1.905 m.kr. á árunum 2010-2019.

3. Hvert var EBITDA hlutfallið á síðasta ári og hvert hefur það verið að meðaltali á ári frá árinu 2010?

EBITDA hlutfall HS Veitna var 37,7% á síðasta ári. Á árunum 2010-2019 hefur EBITDA hlutfallið verið 34,0% að meðaltali.

4. Hvað hafa HS Veitur greitt mikið samanlagt til eigenda sinna í formi kaupa á eigin bréfum frá árinu 2010?

HS Veitur hafa í gegnum tíðina bæði greitt út arð til hluthafa og keypt eigin bréf. Á 10 ára tímabili frá 2010 til 2019 hafa HS Veitur greitt samanlagt 5.845 m.kr. til eigenda, annars vegar í formi arðs og hins vegar með kaupum á eigin bréfum. Hlutur Hafnarfjarðar nemur 901 m.kr. á þessum áratug eða að meðaltali um 90 m.kr. á ári fyrir fjármagnsskatt. Langmest greiddi félagið árið 2015 þegar greiddur var arður og keypt eigin bréf fyrir samtals 2.450 m.kr. og var hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar 378 m.kr. í þeirri greiðslu. Síðastliðin fimm ár hafa greiðslur HS Veitna til Hafnarfjarðar verið í formi kaupa á eigin bréfum sem nemur 77 m.kr. á ári fyrir fjármagnstekjuskatt.

5. Hvert var eiginfjárlutfall HS Veitna í árslok 2019?

Eiginfjárlutfall HS Veitna var 46,7% í lok síðasta árs.

6. Hverjir eru fulltrúar Hafnarfjarðarbæjar í stjórn og varastjórn HS Veitna?

Ólafur Ingi Tómasson er fulltrúi Hafnarfjarðarbæjar í stjórn HS Veitna.

Varamaður er Anna Karen Svövdóttir.

i. Er það rökstutt mat þeirra að skynsamlegt sé fyrir bæjarsjóð að selja eignarhlut sinn?

Það er mat fulltrúa Hafnarfjarðar í stjórn HS Veitna að fyrirtækið sé sterkt og vel rekið og veiti þeim sveitarfélögum sem það þjónar góða þjónustu, óháð því hvort viðkomandi sveitarfélag eigi hlut í fyrirtækinu eða ekki. Það er jafnframt mat fulltrúa Hafnarfjarðar í stjórn að bærinn eigi bundna í HS Veitum töluverða fjármuni sem rétt sé að kanna hvort nýtast megi sveitarfélaginu betur með öðrum hætti en í hlutabréfaeign. Sala á hlutnum skuli þó háð því skilyrði að rétt og sanngjarnt verð fái fyrir eignina.

ii. Á hvaða forsendum byggir það mat og hefur það verið gert opinbert?

Fyrirgreint mat byggir á innsýn í rekstur fyrirtækisins og stjórnun þess í gegnum stjórnarstörf, sem og því reglugerðarumhverfi sem fyrirtækið starfar innan. Skoðanir fulltrúa Hafnarfjarðar í stjórn HS Veitna hafa komið fram á bæjarráðsfundum og ætti að vera öllum bæjarfulltrúum ljós.

7. Liggur fyrir álit fjármálastjóra sveitarfélagsins eða annarra sérfróðra aðila sem gefur meirihluta bæjarstjórnar tilefni til leggja fram tillögu að sölu á viðkomandi eign?

Starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar hefur á undanförunum vikum og mánuðum kannað fjölmargar leiðir til aukins sparnaðar og tekjuöflunar fyrir bæjarfélagið. Fyrir liggur það bráðabirgðarmat fjármálastjóra að fjárþörf bæjarins af völdum afleiðinga Covid-19 faraldursins gæti numið um 5-6 milljörðum króna á þessu og næsta ári.

Þótt sveitarfélagið hafi lagt mikla áherslu á að lækka skuldir á undanförunum árum, er það þó enn skuldsett og nema skuldir við lánastofnanir um 25 milljörðum króna. Skuldaviðmið Hafnarfjarðar er enn töluvert hærra en nágrannasveitarfélaga og verði allri áætlaðri fjármagnsþörf bæjarins mætt með lánsfjármögnun má gera ráð fyrir að skuldaviðmið A og B hluta bæjarsjóðs muni fara úr 112% upp í u.þ.b. 130%.

Sem fjárfesting má ætla að 15,4% eignarhlutur Hafnarfjarðarbæjar í HS Veitum hafi aukist nokkuð að verðgildi á milli árána 2014 og 2019, samkvæmt viðskiptum með hluti í félaginu. Miðað við bindingu fjármagns hefur fjárstreymi frá þessari eign í rekstur bæjarins aftur á móti verið tiltölulega takmörkuð (77 m.kr. að meðaltali síðustu fimm ár og 90 m.kr. að meðaltali síðasta áratug fyrir skatta). Með sölu gæti Hafnarfjarðarbær innleyst þá verðmætaaukningu sem hefur safnast upp í félaginu.

Út frá þeim upplýsingum sem fyrir liggja um fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og áætlanir starfsmanna bæjarins um fjárþörf og aukningu skulda, telur meirihluti bæjarstjórnar rétt að fullkanna alla möguleika sem geta orðið til þess að milda fjárhagslegt högg vegna afleiðinga Covid-19 og að styrkja Hafnarfjörð í gagnsókn með framkvæmdum og uppbyggingu innviða. Í því felst að reynt verði á hvort innlausn eignarhlutar Hafnarfjarðarkaupstaðar í HS Veitum geti styrkt fjárhagslega stöðu bæjarfélagsins og fjárfestingagetu.

i. Ef ekkert slíkt liggur fyrir, þá er óskað eftir því að lagt verði fram minnisblað sem innihaldi faglegt yfirlit um rekstur, efnahag og arðsemi HS Veitna á síðastliðnum áratug sem geti nýst kjörnum fulltrúum til upplýstrar ákvarðanatöku.

Sjá svar fyrir ofan.

8. Er það opinber afstaða Hafnarfjarðarbæjar að eignarhald á dreifikerfum vatns og orku eigi að vera í höndum einkaaðila?

Vatnsveita Hafnarfjarðar er að fullu í eigu sveitarfélagsins og eru engin áform um að selja þá starfsemi. Hafnarfjörður er hins vegar minnihlutaeigandi í HS Veitum með 15,4%. Dreifikerfi raforku fyrir Hafnarfjörð er þegar að stórum hluta í eigu fagfjárfesta, einkum lífeyrissjóða, og hefur svo verið frá árinu 2014. Ekki er að sjá að aðkoma fagfjárfesta að HS Veitum hafi dregið úr þjónustu við Hafnafirðinga hvað varðar raforkudreifingu, nema síður sé. Þar að auki lýtur raforkudreifing ströngu eftirliti og kvöðum af hálfu stjórnvalda hvað varðar arðsemis- og tekjuviðmið.

Það er afstaða meirihluta bæjarstjórar Hafnarfjarðar að verðlagning á raforkudreifingu og þjónusta HS Veitna við íbúa Hafnarfjarðar ráðist ekki af eignarhlut sveitarfélagsins í fyrirtækinu í ljósi þess sem fram hefur komið hér að ofan. Því beri að kanna hvort að innlausn á þeirri eign geti orðið til þess að styrkja fjárhagslega stöðu bæjarfélagsins, þjónustu þess við íbúa og atvinnulíf, svo og fjárfestingargetu, sér í lagi nú þegar bæjarsjóður stendur frammi fyrir því gífurlega höggi sem vart eru fordæmi fyrir.

i. Ef svo er ekki, hvaða opinberi aðili telja bæjaryfirvöld í Hafnarfirði að sé betur til þess falinn en sveitarfélagið Hafnarfjörður, að halda á eignarhlut í fyrirtæki sem m.a. á og rekur dreifikerfi rafmagns í Hafnarfirði?

Sjá svar fyrir ofan.